MINNISBLAÐ

Til: Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Frá: Hestamannafélaginu Sörla

Efni: Undirbúningsnefnd vegna byggingu reiðhallar

Hestamannafélagið óskar eftir að sett verði saman undirbúningsnefnd um undirbúning og hönnun reiðhallar á umráðasvæði Sörla í samræmi við nýtt deiliskipulag á svæðinu. Óskað er eftir að nefndin verði skipuð fulltrúum frá hestamannafélaginu Sörla og fulltrúum frá Hafnarfjarðabæ. Jafnfram er óskað eftir að nefndin skili af sér tillögum um mannvirkið fyrir 15. október n.k.

Samkvæmt forgangslista IBH um nýframkvæmdir íþróttamannvirkja er hestamannafélagið næst á lista á eftir eða samhliða knatthúsi við Kaplakrika. Einhugur var í fráfarandi bæjarstjórn að vinna eftir þessum forgangslista og væntir hestamannafélagið að ný bæjarstjórn virði samkomulag íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði um þessi mál.

Á athafnasvæði hestamannafélagsins eru óseldar hesthúslóðir sem ekki eru miklar líkur á að seljist án þess að bærinn ráðist í framkvæmdir við að bæta aðstöðu hestamanna með byggingu reiðhallar. Verðmæti þessara lóða eru 306 milljónir króna (upplýsingar um verðmæti fengið frá Hafnarfjarðarbæ). Tekjuaukning af þesstu tagi styrkir fjárhagslegar forsendur fyrir því að ráðast í bygginguna. Framtíðartekjur af fasteignagjöldum eru ekki reiknaðar inn í ofangreinda fjárhæð.

Fh. Stjórnar og reiðhallarnefndar Sörla
Þórunn Ansnes,
framkvæmdastjóri Sörla